

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, fimmtudaginn 10. nóvember kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 892. embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Jóhanna Guðjónsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Olga Guðrún B Sigfúsdóttir, Þórður Már Sigfússon, Sólveig Sigurðardóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Ingvar Jón Bates Gíslason, Sigríður Lára Gunnarsdóttir og Sigríður Maack.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Grjótháls 10, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (04.300.101) Mál nr. SN220665
Skjalnr. 11928
Bón og þvottastöðin ehf., Grjóthálsi 10, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. nóvember 2022 var lögð fram fyrirspurn Bón og þvottastöðvarinnar ehf., dags. 19. október 2022, um breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 10 við Grjótháls sem felst í aukningu á nýtingarhlutfalli lóðar og hækkun hússins um eina hæð, samkvæmt uppdr. TAG teiknistofu, dags. 18. október 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.
- Grundargerði 28, Hús minnkað** (01.814.207) Mál nr. BN060059
Skjalnr. 14048
Gunnar Sævar Kjartansson, Grundargerði 28, 108 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057455 þannig að hætt er við viðbyggingu á suðausturgafli og gerður nýr inngangur með útistiga á sama gafli á húsi á lóð nr. 28 við Grundargerði. Tillagan var grenndarkynnt frá 11. október 2022 til og með 8. nóvember 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.
- Lambhagavegur 8, (fsp) uppbygging atvinnuhúsnaðis** (02.641) Mál nr. SN220666
Skjalnr. 13679
Jón Davíð Ásgeirsson, Keilugrandi 5, 107 Reykjavík
Rúko hf., Lambhagaveg 6, 113 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Jóns Davíðs Ásgeirssonar, dags. 19. október 2022, um uppbyggingu á atvinnuhúsnaði á lóð nr. 8 við Lambhagaveg, uppdr. JDA ehf. ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

4. **Borgartún 41, (fsp) uppbygging** (01.349.9) Mál nr. SN220695
Skjalnr. 10667
Björn Guðbrandsson, Grænahlíð 9, 105 Reykjavík
Miðborg F íbúðir ehf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur
Lögð fram fyrirspurn Miðborgar F íbúðir ehf., dags. 25. október 2022, um uppbyggingu á lóð nr. 41 við Borgartún, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta dags. 13. október 2022 og 19. október 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
5. **Gufunesvegur 10, Olúgeymsla** (02.226) Mál nr. BN061675
Skjalnr. 14050
SORPA bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. nóvember 2022 þar sem sótt er um leyfi til að reisa olúgeymslu, mhl. 09, úr stáli, á vesturhluta lóðar nr. 10 við Gufunesveg.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
6. **Lautarvegur 10, (fsp) breyta íbúðarhúsnæði í atvinnuhúsnæði** (01.794.1) Mál nr. SN220706
Skjalnr. 13633
Hannes Jónas Jónsson, Lautarvegur 10, 103 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Hannesar Jónasar Jónssonar, dags. 4. nóvember 2022, um að breyta skráningu á íbúðarhúsnæði í atvinnuhúsnæði í kjallara á lóð nr. 10 við Lautarveg. Einnig lagt fram bréf umsækjanda dags. 4. nóvember 2022 og skissa ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
7. **Sogavegur 3, stækkun lóðar** (01.810.9) Mál nr. SN220189
Skjalnr. 9759
Djúpidalur ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær
Fiskikóngurinn ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Djúpadals ehf. dags. 30. mars 2022 um stækkun lóðarinnar nr. 3 við Sogaveg, samkvæmt uppdrætti K.J.ARK ehf. dags. 22. mars 2022. Einnig eru lögð fram mæliblað og hæðarblað gefin út í apríl 2011. Jafnframt er lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, Landupplýsingardeildar, dags. 2. júní 2022 ásamt breytingarblaði og mæliblaði dags. 2. júní 2022. Erindi var grenndarkynnt frá 26. september 2022 til og með 24. október 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Guðrún Högnadóttir dags. 13. október 2022, Rannveig Jónsdóttir dags. 18. október 2022, Björgvin Jónsson og Elín Sumarrós Davíðsdóttir dags. 21. október 2022 og Jónas Leifsson og Ingi Leifsson dags. 24. október 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. nóvember 2022 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. nóvember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. nóvember 2022, samþykkt.
8. **Gufunes, áfangi 1 - Jöfursbás reitir A3 og A4, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN220257
Skjalnr.
Hildur Gunnlaugsdóttir, Hvassaleiti 97, 103 Reykjavík
GF 1 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
JVST ICELAND ehf., Ármúla 3, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. október 2022 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 21. október 2022 þar sem fram kemur að stofnunin getur ekki tekið afstöðu til efnis deiliskipulagsbreytingarinnar þar sem eftirfarandi upplýsingar vantar eða þarf að gera betur grein fyrir: Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er svæðið skilgreint sem miðsvæði M24. Gera þarf grein fyrir samræmi breytingarinnar við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, hvað varðar blöndun byggðar þar sem verið er að minnka hlutfall atvinnustarfsemi á miðsvæði og breyta í hreint íbúðarsvæði. Í

greinargerð þarf að rökstyðja og gera grein fyrir forsendum breytingarinnar og samráði við hagsmunaaðila. Gera þarf grein fyrir hvernig almennum markmiðum deiliskipulagsins verði náð hvað varðar uppbyggingu verslunar og þjónustu fyrir svæðið í heild sinni og setja í samengi við fyrirhugaða uppbyggingu á minnkuðu A svæði skv. deiliskipulaginu. Gera þarf grein fyrir fyrirhuguðum fjölda íbúða, eða fjölgun íbúða á svæðinu en heimildir eru fyrir 250-300 íbúðum í gildandi deiliskipulagi. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.

Lagt fram bréf skipulagsfulltrúa til Skipulagsstofnunar, dags. 10. nóvember 2022.

9. **Gullslétta 1, breyting á deiliskipulagi** (34.532.101) Mál nr. SN220460
Skjalnr. 14662

K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
AGROS Lækjarmelur 1 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Lögð fram að nýju umsókn K.J.ARK slf. dags. 20. júlí 2022 um breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 1 við Gullsléttu. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að skipta upp lóðinni í fjórar lóðir, breyta byggingareitum, færa innkeyrslur til ásamt því að bæta einni við og hækka/samræma hæðina á húsunum óháð því hvort um veggghæð eða mænishæð er að ræða, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf. dags. 19. júlí 2022. Einnig lagður fram tölvupóstur íbúaráðs Kjalarness dags. 3. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir framlengdum athugasemdartíma.

Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til 24. nóvember 2022.

10. **Kjalarnes, Prestshús, nýtt deiliskipulag** Mál nr. SN210265
Skjalnr. 10165

Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Unnarstígur ehf., Pósthólf 70, 121 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. ágúst 2022 var lögð fram að nýju umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 6. apríl 2021 um nýtt deiliskipulag fyrir Prestshús að Kjalarnesi. Í tillögunni sem lögð er til felst uppbygging Presthúsa til fastrar búsetu, samhliða því að byggja upp dvalar- og vinnuáðstöðu fyrir listafólk og áhugafólk um listir og náttúru. Byggð verða upp innan jarðarinnar íbúðarhús, vinnustofur og gestahús ásamt fjölnota sal á svæðinu. Staðsettur verður aðkomuvegur, gönguleiðir byggingarreitur og settir skilmálar fyrir uppbyggingu innan fyrirhugaðs svæðis í samræmi við lög og reglur þar að lútandi, samkvæmt uppdr. Eflu dags. 4. apríl 2022. Tillagan var auglýst frá 6. júlí 2022 til og með 17. ágúst 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Libra lögmenn f.h. Bjarna Pálssonar dags. 28. júlí 2022. Einnig er lögð fram umsögn Veitna dags. 10. ágúst 2022 og bréf LEX lögmennsstofu f.h. Unnarstígs ehf. dags. 19. október 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. nóvember 2022.

Vísað til umhverfis-og skipulagsráðs til afgreiðslu.

11. **Lambhagavegur 33, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (02.645.1) Mál nr. SN220651
Skjalnr. 13676

Byggingarfélag Gylf/Gunnars hf, Borgartúni 31, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. nóvember 2022 var lögð fram umsókn Byggingafélags Gylfa og Gunnars hf., dags. 13. október 2022, ásamt bréfi, dags. 10. október 2022, um breytingu á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, Halla vegna lóðarinnar nr. 33 við Lambhagaveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilað verði að vera með kjallara undir húsnaðinu sem nýttur yrði sem bílastæði eða lager, samkvæmt uppdr. Archus arkitekta dags. 10. september 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. nóvember 2022, samþykkt.

12. **Reynisvatnsás, malarstígur, framkvæmdaleyfi** Mál nr. SN220697
Skjalnr. 9123
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. nóvember 2022 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 31. október 2022 um framkvæmdaleyfi vegna gerðar malarstígs fyrir neðan Reynisvatnsáshverfis og uppúr Reynisvatnshverfinu. Einnig lagðir fram uppdr. VSÓ ráðgjafar og Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 13. apríl 2022, br. 7. nóvember 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022. Vísað til skrifstofu stjórnarsýslu og gæða til útgáfu framkvæmdaleyfis.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.
13. **Úlfarsbraut 122-124, 122 - Viðbygging ofan á dæluhús** (05.055.701) Mál nr. BN061566
Skjalnr. 12583
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. október 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN056451, þannig að byggt er þak ofan á dæluhús og fréttamannaskýli að hluta auk þess sem mhl. nr. 2 er breytt í mhl. nr.3, í húsinu á lóð nr. 124 við Úlfarsbraut. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.
Gera þarf breytingu á deiliskipulagi.
14. **Grundarstígur 23, (fsp) svalalokun** (01.184.3) Mál nr. SN220630
Skjalnr. 14715
Sigrún Gunnlaugsdóttir, Grundarstígur 23, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. október 2022 var lögð fram fyrirspurn Sigrúnar Gunnlaugsdóttur dags. 29. september 2022 um að loka svölum íbúar merkt 01020 í húsinu á lóð nr. 23 við Grundarstíg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.
Frestað. Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.
15. **Iðunnarbrunnur 15, breyting á deiliskipulagi** (02.693.4) Mál nr. SN220492
Skjalnr. 14270
GP verk ehf, Rjúpnahæð 11, 210 Garðabær
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Úti og inni sf. dags. 4. ágúst 2022, ásamt minnisblaði Úti og inni sf., dags. 4. ágúst 2022, um breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 15 við Iðunnarbrunn. Í breytingunni sem lögð er til felst að heilmilt verði að gera kjallara undir hluta hússins og að inngangur að efri hæð verði um opna yfirbyggða tröppu utanhúss, samkvæmt uppdr. Úti og inni sf. dags. 14. júlí 2022. Við breytinguna hækkar byggingarmagn lóðar og nýtingarhlutfall eykst. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Tillagan var grenndarkynnt frá 11. október 2022 til og með 8. nóvember 2022. Athugasemdapóstur barst frá Veitum ohf. dags. 26. október 2022.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

16. **Kirkjuteigur 16, (fsp) byggja bílskúr og rífa garðskýli** (01.362.102) Mál nr. SN220702
Skjalnr. 14730
Snorri ehf, Skógarási 8, 221 Hafnarfjörður
Ólafur Guðmundsson, Kirkjuteigur 16, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Snorra ehf. og Ólafs Guðmundssonar, dags. 2. nóvember 2022, um að byggja bílskúr og rífa garðskýli á lóð nr. 16 við Kirkjuteig. Einnig lögð fram ofanvarpsmynd ódags. og ljósmynd ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
17. **Klapparstígur 19, breyting á deiliskipulagi** (01.152.4) Mál nr. SN220286
Skjalnr. 11187
Arkís arkitektar ehf., Vesturvör 7, 200 Kópavogur
Óttó A. Michelsen ehf., Klettagöðum 23, 104 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 12. maí 2022 um breytingu á deiliskipulagi Skuggahverfis vegna lóðarinnar nr. 19 við Klapparstíg. Í breytingunni sem lögð er til felst að friðaður steinbær verður festur í sessi, varðveittur og gerður upp í samráði við Minjastofnun Íslands, heimilt verður að rífa einlyftar byggingar á baklóð og timburhús að Veghúsastíg 1 ásamt því að á tveimur byggingarreitum er gert ráð fyrir sambyggðum húsum í tveimur röðum með mænisþökum á hverri einingu, samkvæmt deiliskipulagsuppd. Arkís arkitekta ehf., dags. 9. maí 2022. Einnig er lagður fram skýringaruppdráttur, dags. 31. maí 2016 og skuggavarpsuppdráttir, dags. 17. ágúst 2022. Tillagan var auglýst frá 27. september 2022 til og með 8. nóvember 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ábendingar: Veitur ohf. dags. 26. október 2022.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
18. **Úthlíð 7, hækka ris og gera íbúð** (12.701.10) Mál nr. BN061020
Skjalnr. 13546
Ragnar Örn Steinarsson, Úthlíð 7, 105 Reykjavík
Sólrun W Kamban, Úthlíð 7, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir og gera íbúð í risi fjölbýlishúss á lóð nr. 7 við Úthlíð. Erindi var samþykkt í grenndarkynningu og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti Birgis Haraldssonar dags. 29. júlí 2022 þar sem óskað er eftir skuggavarpi. Erindið var grenndarkynnt frá 15. júlí 2022 til og með 15. ágúst 2022 og að nýju 8. september 2022 til og með 6. október 2022. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigríður Lára Guðmundsdóttir dags. 15. ágúst 2022, Alda Júlía Magnúsdóttir f.h. húsfélagsins Flólagötu 58 dags. 15. ágúst 2022, Salóme Jórunn Bernharðsdóttir, og fh. Bogi Brynjar Björnsson og Guðrún Jórunn Kristinsdóttir dags. 16. ágúst 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi Skipulagsfulltrúa 13. október 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis-og skipulagsráðs til afgreiðslu.
19. **Einarsnes 74, (fsp) uppbygging á baklóð o.fl.** (01.673.1) Mál nr. SN220631
Skjalnr. 5296
Ásmundur Vilhjálmsson, Langholtsvegur 61, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. október 2022 var lögð fram fyrirspurn Ásmundar Vilhjálmssonar dags. 28. september 2022 um uppbyggingu fjörbýlis á baklóð Einarsnes 74 sem yrði Einarsnes 74B og verður aðkeyrsla að lóð við vesturenda Einarsnes 74. Einnig eru lagðar fram skissur á yfirlitsmyndum. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.

20. **Vesturgata 35A, (fsp) hækkun húss** (01.135.1) Mál nr. SN220507
Skjalnr. 10783
Kristín R Sigurðardóttir, Iðufell 12, 111 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. október 2022 var lögð fram fyrirspurn Kristínar R. Sigurðardóttur dags. 3. ágúst 2022 um hækkun hússins á lóð nr. 35A við Vesturgötu sem felst í að bæta við rishæð á húsið, samkvæmt skissum ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.
21. **Borgartún 24, Breytingar á mhl.05 -** (01.221.1) Mál nr. BN061698
BN057713 Skjalnr. 5145
EE Development ehf., Pósthólf 8052, 128 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. nóvember 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057713, þ.e. bætt er við svölum/paksvölum við íbúð 05-0702, innra skipulagi kjallara og 1. hæð breytt að hluta, inngangshurð sorpgeymslu færð, uppbygging byggingarhluta í byggingarlýsingu, skráning og eignarhald geymslna auk breytinga á klæðningu að hluta á húsi í matshluta nr. 5 á lóð nr. 24 við Borgartún.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
22. **Háskólinn í Reykjavík, breyting á** (01.751) Mál nr. SN220421
deiliskipulagi Skjalnr. 13051
Kanon arkitektar ehf., Laugavegi 26, 101 Reykjavík
Grunnstöð ehf., Menntavegi 1, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. júlí 2022 var lögð fram umsókn Kanon arkitekta ehf. f.h. Grunnstöðar / Háskólans í Reykjavík dags. 4. júlí 2022 ásamt bréfi dags. 8. júlí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskólans Í Reykjavík vegna lóðarinnar nr. 83-89 við Nauthólsveg. Í breytingunni felst m.a. fjölgun íbúða um 10, úr 415 íbúðum í 425 íbúðir, fækkun byggingarreita fyrir svonefnd stakstæð hús á reit A og B ásamt stækkun á byggingarreit fyrir stakstæð hús og að gert verður ráð fyrir félagsaðstöðu fyrir íbúa háskólagarðanna á fyrstu hæð stakstæðs húss á reit A ásamt því að íbúðir deiliskipulagssvæðisins munu dreifast á reiti A, B og C í stað A, B, C og D áður, en ekki verður gert ráð fyrir íbúðum á reit D, samkvæmt uppdr. Kanon arkitekta ehf. dags. 30. júní 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis-og skipulagsráðs til afgreiðslu.
23. **Laugavegur 20B, (fsp) stækkun húss** (01.171.5) Mál nr. SN220648
Skjalnr. 6844
Andri Björn Björnsson, Frakkastígur 8D, 101 Reykjavík
Sir Drinkalot ehf., Pósthólf 500, 121 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Andra Björns Björnssonar, dags. 11. október 2022, um stækkun hússins á lóð nr. 20B við Laugaveg, samkvæmt uppdr. P-ark dags. 24. september 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. nóvember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. nóvember 2022, samþykkt.
24. **Sólvallagata 14, (fsp) breytingar á húseign** (01.160.2) Mál nr. SN220230
og lóð Skjalnr. 13541
Arkís arkitektar ehf., Vesturvör 7, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. nóvember 2022 var lögð fram fyrirspurn Arkís arkitekta ehf. dags. 26. apríl 2022 um breytingar á húseign og lóð nr. 14 við Sólvallagötu. Einnig var lögð fram tillaga að nokkrum mögulegum útfærslum lóðar og húseign. Jafnframt var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. júní 2022. Fyrirspurn er nú lögð fram að nýju ásamt nýrri tillögu dags. 20. október 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

25. **Ægisíða 62, breyting á deiliskipulagi** (01.545.2) Mál nr. SN210597
Skjalnr. 13079
Alternance slf., Vesturgötu 51a, 101 Reykjavík
Gunnar Tryggvason, Ægisíða 62, 107 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Alternance slf. dags. 1. júlí 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ægisíðu frá Hofsvallagötu að Lynghaga vegna lóðarinnar nr. 62 við Ægisíðu. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit lóðarinnar sem felst í að byggingarreit er skipt niður þannig að aðalreitur verður í kringum núverandi byggingu og minni reitur fyrir garðskála, samkvæmt uppd. Alternance slf. dags. 28. maí 2021, síðast breytt 31. síðast breytt 31. ágúst 2022, og skuggavarp dags. 31. mars 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 20. september 2022 til og með 18. október 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Ágúst Borgþór Sverrisson og Kristbjörg Erla Kjartansdóttir dags. 16. október 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. október 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis-og skipulagsráðs til afgreiðslu.
26. **Hjarðarhagi 13, 13-15 - Klæðning** (15.530.06) Mál nr. BN061358
Skjalnr. 14193
Hjarðarhagi 13-15, húsfélag, Hjarðarhaga 13, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að klæða hluta norðurhlíðar og austurgafli með sléttri áklæðningu á undirkerfi úr áli og fjarlægja steipt handrið og stálhandrið og koma fyrir í léttu stálhandriði klæddu harðplastplötum á hús á lóð nr. 13-15 við Hjarðarhaga. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. nóvember 2022, samþykkt.
27. **Hraunteigur 30, breyting á deiliskipulagi** (01.361.1) Mál nr. SN220591
Skjalnr. 11219
Grímur Ólafur Eiríksson, Chile, Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. október 2022 var lögð fram umsókn Gríms Ólafs Eiríkssonar dags. 23. september 2022 ásamt bréfi dags. um breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar nr. 30 við Hraunteig. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að rífa niður núverandi bílskúr á lóð og byggja þess í stað tvöfalda bílskúr, samkvæmt uppd. Mannvirkjameistarans ehf. dags. 20. september 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. nóvember 2022, samþykkt.
28. **Hringbraut 110, (fsp) gististaður í kjallara hússins** (01.139.2) Mál nr. SN220694
Skjalnr. 7509
Miguel Angel Vásquez Araya, Hringbraut 110, 101 Reykjavík
Hrafnhildur Magnúsdóttir, Hringbraut 110, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. nóvember 2022 var lögð fram fyrirspurn Miguel Angel Vásquez Araya og Hrafnhildar Magnúsdóttur, dags. 25. október 2022, um rekstur gististaðar í aukaíbúð í kjallara hússins á lóð nr. 110 við Hringbraut. Einnig lagt fram bréf umsækjenda dags. 20. október 2022, teikning sem sýnir nýtingu á rýmum, dags. 19. október 2022 og ljósmyndir ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022 samþykkt.

29. **Járnháls 2-4, breyting á deiliskipulagi** (04.323.3) Mál nr. SN210732
Skjalnr. 11742
Arkís arkitektar ehf., Vesturvör 7, 200 Kópavogur
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 1. nóvember 2021 um breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Járnháls. Í breytingunni sem lögð er til felst að lóðinni er skipt upp í tvær lóðir. Kvöð um umferð er sett á lóðina fyrir umferð að Krókhálsi 3 (neðri hæð) ásamt því að ný lóðarlína er dregin í miðju þeirrar kvaðar og bætt við umferð að Krókhálsi 1 (neðri hæð). Byggingarreitir eru stækkaðir og nýtingarhlutfall hækkað ásamt því að kvaðir sem eru á mæliblaði fyrir Járnháls 2-4 eru færðar inn á deiliskipulagsuppdrátt og ný aðkoma er gerð að lóð nr. 4, samkvæmt uppd. Arkís arkitekta ehf. dags. 12. október 2021. Tillagan var auglýst frá 27. september 2022 til og með 8. nóvember 2022. Eftirtaldir sendur athugasemdir/ábendingar: Veitur ohf. dags. 26. október 2022.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
30. **Laugavegur 86-94, (fsp) breyting á notkun** (01.174.3) Mál nr. SN220690
Skjalnr. 7278
Aron Snær Arnarsson, Laugavegur 30B, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. nóvember 2022 var lögð fram fyrirspurn Arons Snæs Arnarssonar, dags. 21. október 2022, um breytingu á notkun íbúðar merkt 203 í húsinu á lóð nr. 86-94 við Laugaveg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.
31. **Lindargata 58, breyting á deiliskipulagi** (01.153.2) Mál nr. SN220579
Skjalnr. 14086
Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 16. september 2022, um breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðarinnar nr. 58 við Lindargötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að setja svalir á bakhlið hússins með tröppum út í garð, samkv. uppd. Plúsarkitekta dags. 15. september 2022.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
32. **Skipasund 77, (fsp) bílskúr** (01.413) Mál nr. SN220678
Skjalnr. 14633
Sundasteinn ehf., Efstasundi 49, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Sundasteins ehf. dags. 24. október 2022, ásamt greinargerð, ódags., um að setja bílskúr á lóð nr. 77 við Skipasund, samkvæmt uppd. Sunnefu Gunnarsdóttur dags. 21. október 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
33. **Skólavörðustígur 6B, (fsp) kaffihús** (01.171.2) Mál nr. SN220689
Skjalnr. 10456
Chatime - Is ehf., Breiðvangi 9, 220 Hafnarfjörður
Yanan Li, Breiðvangur 9, 220 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. nóvember 2022 var lögð fram fyrirspurn Chatime - Is ehf., dags. 25. október 2022, um rekstur kaffihúss í húsinu á lóð nr. 6B við Skólavörðustíg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022,
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. nóvember 2022, samþykkt.

34. **Vesturgata 42, (fsp) hækkun húss** (01.131.2) Mál nr. SN220638
Skjalnr. 14299
Sigríður S Sigþórsdóttir, Vesturgata 58, 101 Reykjavík
Halldóra Kristjánsdóttir, Dalapíng 6, 203 Kópavogur
Lögð fram fyrirspurn Sigríðar S. Sigþórsdóttur, dags. 7. október 2022, um hækkun hússins á lóð nr. 42 við Vesturgötu um eina hæð.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
35. **Þorragata 1, Viðbygging** (01.635.709) Mál nr. BN061638
Skjalnr. 6210
Leikskólinn Sælukot, Þorragötu 1, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. nóvember 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar, steinsteypa viðbyggingu með hefðbundnu timburþaki við leikskóla á lóð nr. 1 við Þorragötu.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Hörpugata 4a, 6, 8, 10, 12 og 14.
36. **Kjalarnes, Brautarholt, (fsp) staðsetning** Mál nr. SN220714
svínabús Skjalnr. 10166
Lögð fram fyrirspurn Umhverfisstofnunar, dags. 9. nóvember 2022, um hvort svínabú Stjörnugrís ætti að vera á iðnaðarsvæði frekar en landbúnaðarsvæði.
Vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:20.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Jóhanna Guðjónsdóttir